Nr. 6.
15.
febrúar.

# Lög

til

að gjöra samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um hindrun sandfoks og um sandgræðslu á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Þegar sýslunefndinni þykir þörf á, eða vera hagfellt að gjöra samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir hjeraðsbúar þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakosnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr.

Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en áliti sýslunefndin, að breytingartillögurnar

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 6.
15de
Febr.

om

## Vedtægter angaaende Dæmpning af Sandflugt og Opdyrkelse af Sandstrækninger.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til at affatte Vedtægter angaaende Dæmpning af Sandflugt og Opdyrkelse af Sandstrækninger paa den i nærværende Lov foreskrevne Maade.

§ 2.

Naar et Sysselforstanderskab finder, at der er Trang til, eller at det er hensigtsmæssigt at oprette en Vedtægt enten for hele Sysselet eller for nogen Del af samme, har det at indkalde et almindeligt Møde i det Distrikt, for hvilket Vedtægten paatænkes at skulle gælde. Stemmeret paa dette Møde have alle de Beboere af Distriktet, som ere valgberettigede til Altinget.

Sysselforstanderskabet bestemmer Stedet og Dagen for Mødet med tilstrækkeligt Varsel. Forhandlingerne paa Mødet ledes af Sysselmanden eller efter Sysselforstanderskabets Bestemmelse af et andet af dets Medlemmer. Mødets Leder bør have en Valgliste ved Haanden.

Dersom Mødets Leder maa foretage en Rejse for at afholde Mødet, erholder han 2 Kr. om Dagen i Diæter og desuden Rejseomkostninger efter Regning, som Sysselforstanderskabet deciderer, og som udbetales af Sysselets Kasse.

§ 3.

Sysselforstanderskabet affatter Forslag til saadanne Vedtægter, som paatænkes oprettede, og forelægger samme for de i § 2 omhandlede Møder til Erklæring og Afstemning.

Naar Forsamlingen har vedtaget Sysselforstanderskabets Forslag med ²/₃ af de afgivne Stemmer, har Forstanderskabet at indsende Forslaget til Amtet til Stadfæstelse. Men er der paa Mødet fremkommet Ændringsforslag til Forslaget, som ere blevne vedtagne med ²/₃ af de afgivne Stemmer, optager Sysselforstanderskabet dem i Forslaget, for saa vidt det finder dem begrundede, og indsender derefter Forslaget til Amtet

Nr. 6. 15. febrúar. eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði hjeraðsfundar, og verði það þá samþykkt með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. gr.

Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndiuni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, en hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Í samþykkt skal ávallt kveða á um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr.

Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sektanna.

7. gr.

Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 15. febrúar 1895.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

til Stadfæstelse. Anser derimod Sysselforstanderskabet Ændringsforslagene for uantagelige, har det paa ny at forelægge sit Forslag uforandret til Afstemning paa en Distriktsforsamling, og vedtages da dette med $^2/_3$ af de afgivne Stemmer, bør det indsendes til Amtet til Stadfæstelse.

Det Forslag eller Ændringsforslag til et Forslag, som ikke paa en Distriktsforsamling er blevet vedtaget med $^2/_3$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet og maa ikke genoptages i et nyt Udkast fra Sysselforstanderskabet førend efter et Aars Forløb.

§ 4.

Finder Amtmanden, at Bestemmelserne i en Vedtægt træde Enkeltmands Ret eller Erhvervsfrihed for nær, eller paa en eller anden Maade komme i Strid med Lovene og Lovenes Grundsætninger, nægter han at stadfæste Vedtægten, men tilkendegiver da Sysselforstanderskabet Grundene for sit Afslag. I modsat Fald stadfæster han Vedtægten, foranstalter den bekendtgjort, og bestemmer, naar den skal træde i Kraft, fra hvilket Tidspunkt den da skal være bindende for alle, som bo inden Grænserne af det Distrikt, for hvilket Vedtægten skal gælde.

En af Amtet stadfæstet Vedtægt kan ikke forandres paa anden Maade end den, hvorpaa den blev oprettet.

Amtmanden træffer Foranstaltning til, at Vedtægterne blive optagne i Regeringstidenden Afdeling B.

§ 5.

Enhver Vedtægt bør indeholde Forskrifter angaaende det til dens nøjagtige Overholdelse nødvendige Tilsyn, samt angaaende Afholdelsen af Omkostningerne derved.

§ 6.

Overtrædelse af autoriserede Vedtægter straffes med Bøder af 5—100 Kr., som tilfalder vedkommende Sysselkasse. Dog kan der tillægges Angiveren indtil det halve af Bøderne.

§ 7.

Overtrædelser af Vedtægter behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 15de Februar 1895.**

**Ministeriet for Island, den 15de Februar 1895.**

*J. Nellemann.*

*Olafur Halldórsson.*